

## **Fundargerð stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga haldinn í Félagsheimilinu á Patreksfirði, miðvikudaginn 3. maí kl 10.30.**

Mætt voru Pétur G. Markan, formaður, Ingibjörg Emilsdóttir, Margrét Jómundsdóttir, Jón Örn Pálsson og Nanný Arna Guðmundsdóttir. Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri sat fundinn og ritaði fundargerð.

Formaður kynnti að Sigurður Hreinsson, væri forfallaður og fundinn sæti í hans stað Nanný Arna Guðmundsdóttir.

Boðuð dagskrá fundarins var sem hér segir.

1. Fundargerð stjórnarfundar 23. mars 2017
2. Vestfjarðastofa
3. Sóknaráætlun landshluta
4. Málefni aðildarsveitarfélaga FV
5. Fundur með bæjarstjórn Vesturbyggðar
6. 62. Fjórðungsþing Vestfirðinga
7. Umsagnir til Alþingis
8. Landshlutasamtök sveitarfélaga
9. Önnur mál

1. Fundargerð stjórnarfundar 23. mars 2017.

Lögð fram fundargerð stjórnarfundar frá 23. mars 2017. Fundargerðin var áður send út til staðfestingar í tölvupósti, engar athugasemdir bárust og óskast fundargerð staðfest. Stjórn staðfestir fundargerð. Nanný Arna Guðmundsdóttir situr hjá við afgreiðslu málsins þar sem hún sat ekki tilgreindan fund.

2. Vestfjarðastofa.

Lögð fram samantekt á viðtölum við starfsmenn FV og Atvest sem ráðgjafar Capacent tóku í byrjun apríl s.l.. Framkvæmdastjóri kynnti að ráðgjafar Capacent komi á fund samráðsvettvangs sveitarfélaga sem haldinn verður síðar í dag á Patreksfirði. Á fundinum verður kynnt nánar framangreind samantekt og unnið með hugmyndir að skipan starfsemi Vestfjarðastofu.

3. Sóknaráætlun landshluta.

- Fundargerðir Stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál, 33. og 34. fundar lagðar fram til kynningar.
- Kynnt ákvörðun samgöngu og sveitarstjórnarráðherra um hækkun framlags til Sóknaráætlunar Vestfjarða um 14,5 mkr. Óskað er eftir að tillögum um ný verkefni verði skilað fyrir 1. júní n.k.. Stjórn fagnar þessari hækkun framlags og felur framkvæmdastjóra að móta tillögur að áhersluverkefnum í samræmi við verklag sóknaráætlunar.

4. Málefni aðildarsveitarfélaga FV.  
Rætt um stöðu sveitarfélaga innan FV.
5. Fundur með bæjarstjórn Vesturbyggðar.  
Mætt til fundar fulltrúar úr bæjarstjórn Vesturbyggðar þau Magnús Jónsson, Friðbjörg Matthíasdóttir, Ásgeir Sveinsson, Gísli Ægir Ágústsson, Halldór Traustason og Gerður Björk Sveinsdóttir.  
Formaður bauð bæjarfulltrúa velkomna til fundar með stjórn FV en frumkvæði að fundinum væri að hálfu FV.

Rætt um viðhorf bæjarstjórnar til samstarfs sveitarfélaga á Vestfjörðum, um áherslumál sveitarfélagsins varðandi stöðu samgöngumála og áskoranir varðandi hraða uppbyggingu atvinnulífs.

Fundi frestað kl 12.30 vegna fundar samráðsvettvangs sveitarfélaga á Vestfjörðum.

Fundur settur að nýju kl. 18.30.

6. 62. Fjórðungsþing Vestfirðinga.  
Lögð fram dagskrá 62. Fjórðungsþings Vestfirðinga. Auk mála sem mælt er fyrir um í samþykktum, mun stjórn fjalla um tillögu frá 61. Fjórðungsþingi um breytt atkvæðavægi sveitarfélaga. Formaður gerði tillögu um að vísa undirbúningi á málefnum þingsins til stjórnarfundar þann 15. maí n.k..  
Tillagan samþykkt.

7. Umsagnir til Alþingis.

- Opnun neyðarbrautar á Reykjavíkurlflugvelli. Þingskjal 223, 156. mál.

*Fjórðungssamband Vestfirðinga harmar þá stöðu sem innanlandsflug á Íslandi er komið í með lokun flugbrautar á Reykjavíkurlflugvelli og þar með hlutverki flugvallarinn í heilbrigðis og almannavarnakerfi landsins. Augljós er þörf fyrir flugvöll við höfuðborgarsvæðið sem þjónar öllu landinu. Augljóst er að ekki er fjármagn til byggingar nýs flugvallar í Ríkisfjármálaáætlun né kemur það fram í langtíma samgönguáætlun. Á meðan sú staða er uppi er ekki hægt að fallast á að flugbrautum sé lokað vegna skipulagsmála á höfuðborgarsvæðinu.*

- Fjarfundir á vegum ráðuneyta og notkun fjarfundabúnaðar. Mál 273.

*Fjórðungssamband Vestfirðinga skorar á stjórnvöld að hraða uppbyggingu fjarfundabúnaðar í ráðuneytum og stofnunum og setja í forgang tæknilegar lausnir sem tryggja öryggi tölvukerfa stjórnáætlunar. Augljós er sparnaður í tíma og ferðakostnaði þeirra sem reka þurfa erindi gagnvart stjórnvöldum eða samráðs jafnt innan höfuðborgarsvæðis og sem og á landsbyggð.*

- Frumvarp til laga um umferðarlög (bílastæðagjöld), þingskjal 419, 307. mál.

*Fjórðungssamband Vestfirðinga lýsir stuðningi við frumvarpið.*

- Breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr 4/1995, með síðari breytingum. Þingskjal 418, 306. mál.

*Með frumvarpinu er gerð tillaga um sértæka lausn fyrir hluta sveitarfélaga í landinu á grundvelli tilurðar og uppruna tekjustofns. Fjórðungssamband Vestfirðinga hefur leitað upplýsinga frá Jöfnunarsjóði um útreikninga á áhrifum þessa frumvarps á tekjur sveitarfélaga en þær hafa ekki fengist fram. Málið er í ágreiningi á milli ríkis og sveitarfélaga og milli sveitarfélaga, en því þarf að ljúka með sátt.*

*Fjórðungssamband Vestfirðinga telur því grundvallaratriði að upplýsingar um fjárhagsleg áhrif málsins liggi fyrir við afgreiðslu þess þannig meta megi áhrif þess til hlítar á tekjur sveitarfélaga. Fjórðungssamband Vestfirðinga leggst því gegn afgreiðslu málsins eða afgreiðslu þess verði frestað á meðan leitað er sáttar í málinu.*

- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, nr. 75/2011 (hlutverk, framlag ríkissjóðs o.fl.). Þingskjal 542 – 411. mál.

*Fjórðungssamband Vestfirðinga styður ákvæði frumvarpsins en leggur áherslu á að tryggt verði fjármagn þannig sjóðurinn geti sinnt hlutverki sínu.*

- Fjármálaáætlun 2018-2022.

*Áhrif hækkunar virðisaukaskatts á ferðapjónustu.*

Lagt fram minnisblað Markaðsstofu landshluta dags. 27. apríl 2017, þ.m.t. Markaðsstofu Vestfjarða þar sem metin eru áhrif tillögu um hækkun virðisaukaskatts á ferðapjónustu á landsbyggðinni. Niðurstaða minnisblaðsins er að með þessari aðgerð eru stjórnvöld handvirkir að kippa stöðunum undan ferðapjónustunni sem er gríðarlega mikilvægt byggðamál, ekki síst á brothættari og viðkvæmari svæðum.

Formaður lagði til að stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga taki undir álit markaðsstofa. Tillagan samþykkt.

Formaður kynnti fund FV og sveitarfélaga á Vestfjörðum með fjárlaganefnd Alþingis þann 26. apríl s.l.. FV lagði fram minnisblað á fundinum um stöðu samfélags og atvinnulífs á Vestfjörðum og áhrif fjármálaáætlunar 2018-2022 á þá stöðu. Minnisblaðið er lagt fram sem hluti af umsögn FV til Alþingis en að auki leggur formaður til eftirfarandi umsögn.

*Fjórðungssamband Vestfirðinga harmar að í forsendum ríkisfjármálaáætlunar er ekki tekið tillit til mismunandi stöðu landshluta er varðar efnahagslega og samfélagslega þróun. Fjórðungssamband Vestfirðinga telur að þær efnahagslegu aðgerðir sem lagðar eru til í áætluninni muni leiða til skaða fyrir byggð og atvinnulíf á Vestfjörðum. Fjórðungssamband Vestfirðinga skorar því á stjórnvöld að endurskoða Fjármálaáætlun 2018-2022 og leggur fram greinargerð til stuðnings þessa efnis.*

Tillagan samþykkt.

- Frumvarp til laga um haf og strandsvæði.

Dreifing hefur verið á Alþingi stjórnarfrumvarpi um lög til skipulags haf og strandsvæða, 408. mál. Kynnt drög að minnisblaði til umhverfis og auðlindaráðherra frá bæjar og sveitarstjórum sveitarfélaga sem eiga hagsmuna að gæta vegna fiskeldisstarfsemi. Í minnisblaðinu er komið á framfæri stuðningi um að sett verði lög um skipulag haf og strandsvæða, en um leið er mótmælt harðlega þeirri aðför að sjálfstjórn sveitarfélaga og forræði þeirra í skipulagsmálum sem í frumvarpinu felst.

Framkvæmdastjóra falið að hefja gerð umsagnar um frumvarpið.

#### 8. Landshlutasamtök sveitarfélaga.

- Lagðar fram til kynningar, fundargerð SASS, nr. 518 frá apríl, fundargerðir SSA nr. 7 og 8 frá mars og apríl og fundargerð Eyþings nr. 294 frá apríl s.l. sem hafa borist lagðar fram.
- Kynnt dagsetning sumarfundar LHSS þann 1. og 2. júní n.k. Fundurinn er skipulagður að hálfu SSH, formaður mun sækja fundinn og framkvæmdastjóri að hluta.

#### 9. Önnur mál.

##### a. Vestfjarðastofa.

Með vísan umræðu ráðgjafa Capacent á samráðsfundi sveitarfélaga á Vestfjörðum nú fyrr í dag um Vestfjarðastofu, gerir formaður tillögu um eftirfarandi bókun.

*Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga samþykkir að unnið verði áfram með tillögu 2b um stjórnskipulag Vestfjarðastofu, sem kynnt var á samráðsfundi sveitarfélaga á Vestfjörðum að hálfu ráðgjafa Capacent, þann 3. maí 2017.*

Tillagan samþykkt.

##### b. Röskun á áætlun ferjunnar Baldurs.

Formaður gerði tillögu um bókun.

*Siglingar ferjunnar Baldurs um Breiðarfjörð liggja nú niðri í þrjár vikur og er tilviljun ein að þungaflutningar hafi ekki raskast verulega fyrir afurðir fiskeldis og sjávarútvegs, en ljóst er að ferðaþjónusta hefur orðið fyrir skaða vegna málsins.*

*Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga krefst þess að samgöngumálaráðherra taki á samráðsleysi samgöngustofnana við sveitarfélög og atvinnulíf varðandi skipulag áætlunar ferjunnar Baldurs um Breiðarfjörð. Stjórn FV krefst þess einnig, að aukið verði við fjármagn til verkefnisins ef það hindrar samgöngustofnanir í að tryggja siglingar ferjunnar.*

Tillagan samþykkt.

##### c. Skipan fulltrúa svæðisráðs DMP.

Vísað til ákvörðunar stjórnar frá 14. desember um skipan fulltrúa í svæðisráð DMP. Endurskipa þarf fulltrúa Markaðsstofu Vestfjarða í svæðisráðið þar sem fulltrúi MV, Díana Jóhannsdóttir, sinnir nú verkefnastjórn DMP verkefnisins. Ákvörðun frestað til næsta fundar.

d. Fundur stjórnar FV.

Næsti fundur stjórnar FV er boðaður þann 15. maí nk. kl. 14.30. Fundurinn verði í fjarfundi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19.15.